21. september 2014

Sent til alþingismanna
Norðvesturkjördæmis

Háttvirtur alþingismaður

Á aðalfundi Stranda – félagi smábátaeigenda í Strandasýslu – sem nú stendur yfir var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Aðalfundur Stranda lýsir yfir miklum áhyggjum vegna 20% niðurskurðar á veiðiheimildum í ýsu. Með ákvörðuninni er komið í veg fyrir línuveiðar frá Hólmavík og Drangsnesi vegna mikillar ýsugengdar í Húnaflóa. Við blasir atvinnuleysi tuga starfsmanna á sjó og landi, sjómanna, landverkafólks og þjónustuaðila.

Aðalfundur Stranda skorar á þingmenn kjördæmisins að bregðast strax við. Strandir benda á eftirtaldar leiðir:

- að breyta nú þegar lögum um stjórn fiskveiða þannig að allar takmarkanir á framsali á ýsu verði afnumdar
- auka línuívilnun í ýsu
- að ýsuafli línubáta framtil áramóta verði reiknaður sem þorskígildi.
- taka upp ívilnun á ýsu sem veidd er á grunnslóð þannig að þriðjungur þess sem veiðist þar verði utan kvóta

Virðingarfyllst

_____

Haraldur Ingólfsson formaður

addiehf@visir.is

samrit sent til fjölmiðla